

Þróunarverkefni unnið skólaárið 2015-2016

Hofsstaðaskóli

Að kynna fötlun sína – Ég er einstakur/einstök

Ég er

einstakur/einstök

- Það sem ég finn innan í mér
- Það sem sést utan á mér

Tengiliðir verkefnisins eru: Margrét Einarsdóttir og Ragnhildur Sigurðardóttir

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn:

Meginmarkmið verkefnisins er að útbúa verkefnasjóð fyrir kennara, þroskaþjálfara, námsráðgjafa eða hverja þá sérfræðinga sem vinna með nemendum með fötlun. Þessir sérfræðingar fá verkefnabanka með eyðublöðum eða hugmyndabanka og verkefnalýsingar til að vinna með þegar kynna á fyrir nemendum fötlun sína. Verkefnablöðin og verkefnalýsingarnar nýtast einnig fyrir nemendur með fötlun til að kynna fötlun sína fyrir bekkjarfélögum, kennurum og öðru starfsfólki og samnemendum sínum.

Við munum aðallega styðjast við bókina *I am Special* eftir Peter Vermeulen, einnig munum við nýta okkur, *The Autistic Spectrum, Parents' Daily Helper* eftir Philip Abrams og Leslie Henriques og bókina *How to .. support and teach children on the Autism Spectrum* eftir Dave Sherratt.

Áherslupættir verkefnisins eru, yngsta stig, miðstig, elsta stig, skóli margbreytileikans, samskipti og félagsfærni, jafnrétti og heilbrigði og velferð.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum:

Verkefnið *að kynna fötlun sína* er þróunarverkefni sem unnið er að mestu upp úr bókinni *I Am Special* eftir Peter Vermeulen. Verkefnin eru ætluð til að kynna nemendum með einhverfu fötlun sína. Einnig höfum við aðlagð eyðublöðin til að kynna nemendum með þroskahömlun fötlun sína.

Við lásum þessar bækur og þýddum aðallega úr *I Am Special* frá ágúst til desember 2015. Frá janúar 2016 héldum við áfram að þýða og flokka verkefnin. Á vorönninni sannprófuðum við verkefnin fyrir nemendur frá átta ára. Við teljum verkefnin vera góða leið til að vinna með bæði jákvæða og neikvæða eiginlega. Verkefnin hjálpa til við að kveikja á umræðum um hvernig hægt er að efla styrkleika sína og takast á við veikleika sína.

Við sáum fljótlega að við myndum einbeita okkur að því að vinna með verkefnið *að kynna fötlun sína* og út frá því að styrkja sjálfsmynd og sjálfsþekkingu nemenda. Það var mjög yfirgripsmikið verkefni að þýða öll verkefnin og útbúa leiðbeiningar fyrir aðra til að vinna eftir. Þannig þurftum við að takmarka okkur að mestu við bókina *I am Special*.

Verkefnið tókst vel til, jók það m.a. samstarf heimilis og skóla þar sem foreldrar eru upplýstir um allt ferlið ásamt því að vera virkir þátttakendur í því.

Nemendur urðu öruggari með sínar sterkur hliðar og áttu auðveldara með að ræða fötlun sína við aðra. Aðrir starfsmenn skólans urðu einnig upplýstari og Verkefnið ásamt leiðbeiningum um hvernig það skal unnið er nú aðgengilegt öllum skólum í Garðabæ. Leyfi var fengið hjá útgefanda að þýða verkefnið og dreifa þeim í Garðabæ.

Heildarupphæð styrks var 400.000 krónur og voru það laun til okkar, Ragnildar Sigurðardóttur og Margrétar Einarsdóttur. Verkefnisstjóri verkefnisins var Margrét Einarsdóttir.

Verkefnið var kynnt öllum starfsmönnum Hofstaðskóla á kynningarfundum, starfsfólki í Garðabæ á kynningardegum og á fundum sérkennara í Garðabæ. Verkefnið hafa verið gerð aðgengileg fyrir alla skóla í Garðabæ.